




Þorgrímur Þráinsson

Höfundar verkefni: R. Tanja Bjarnadóttir, Þóra Óskarsdóttir, Antoine Hrannar Fons


Þorgrímur fæddist í Reykjavík þann 8. janúar árið 1959. Hann lauk stúentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1980. Þaðan lá leið hans til Parísar og var hann í námiþar í Sorbonne háskólanum. Tveim árum síðar var hann ráðinn sem blaðamaður hjá Fróða árið 1985 og var þar ritstjóri Íþróttablaðsins og ritstjórnarfulltrúi barnablaðsins ABC frá 1989. Árið 1996 var hann svo ráðinn framkvæmdarstjóri Tóbaksvarnarnefndar. Þorgrímur er mikill íþróttamaður enda æfði hann bæði fótbolta og frjálsar íþróttir. Hann hefur unnið til margra verðlauna í báðum greinum.



Þorgrímur hefur verið vinsæll barna- og unglingabókahöfundur síðan metsölubókin **Með fiðring í tánum** kom út árið 1989. Helst hefur hann skrifað barna- og unglingabækur en hann hefur einnig skrifað ýmislegt annað meðal annars ævisögu Jóns Vídalíns, kennslubækur og myndabækur fyrir yngri börn. Hér munum við einungis fjalla um bækurnar **Tár bros og takkaskór, Mitt er þitt, Spor í myrkri, Margt býr í myrkrinu, Svalasta**

7an og Undir 4 augu.


Bækur Þorgríms fjalla oftast um stráka sem eru um tólf til sextán ára gamlir og vini þeirra. Alla dreymir þá um að verða miklir fótboltakappar. Einnig fjalla bækurnar um fjölskyldur og bekkjarfélaga þeirra. Þá varpar hann ljósi á þau vandamál sem unglingar glíma við. Það er að segja fjölskyldu- og unglingavandamál dagsins í dag. Gott dæmi um þessa töfraformúlu Þorgríms er bókin **Tár bros og takkaskór**. Þar fjallar Þorgrímur, eins og svo oft áður, um hóp krakka sem flestir æfa íþróttir. Allir strákarnir æfa t.d. fótbolta. Þorgrímur vefur spennu í kringum söguna og er atburðarásin hröð og heldur lesandanum við efnið. Þorgrímur er snjall að skrifa á tungumáli unglunga en á það til að vera alltof langorður um atburði sem maður vill kannski ekki lesa jafn mikið um og annað. Þar er t.d. heill kafli um fótboltaleik meðan aðalsögupersónan er föst inni í kjallara hjá glæpamanni og vildi maður miklu frekar lesa um það heldur en langdreginn og leiðinlegan




fótboltaleik. Ást Þorgríms á íþróttum og sértaklega fótbolta skín oft aðeins of mikið í gegn. Maður nær því alveg að hann dái þær en hann hamrar stundum fullmikið á því hvað íþróttir séu frábærar og æðislegar.

Svo virðist sem að oft skipti velgengni í íþróttum meira máli en að leysa sálræn og félagsleg vandamál. Þorgrímur fjallar ekki mikið um heimilisvandamál aðalpersónunnar og gerir það með því að láta sögupersónurnar hella sér út í íþróttirnar af fullum krafti, sem er oft ekkert ólíkt því hvernig unglingar takast á við vandamál. Það getur oft verið gott að eiga stað þar sem manni líður vel og þarf ekki að hugsa um vandamálin heima hjá sér. Þetta á ekki einungis við um **Tár bros og takkaskó**, heldur margar aðrar bækur Þorgríms. Það er samt spurning hvort að það sé jákvætt eða neikvætt að ekki sé kafað dýpra í vandamálin en raun ber vitni. Þessar bækur eru til þess skrifaðar að skemmta unglingum en ekki til þess að draga þá niður.

Það er jákvætt hvað Þorgrímur skrifar mikið um sveitina og það sem henni fylgir. Sveitasælan virðist skipta miklu máli fyrir Þorgrím, enda gerast margar sagna hans uppi í sveit. Það kemst




reyndar ekki alltaf til skila þar sem dvölin í sveitinni virðist oft vera ætluð til þess að koma aftur líkamlega endurnærður og sterkur eftir miklar líkamsæfingar á völinn. **Margt býr í myrkri** er dæmi um þannig sögu. Aðalpersónan Gabríel er oft með körfuboltann í höndunum að æfa sig í að skjóta. Það er samt ekki algilt að ferðir upp í sveit séu “líkamsendurnæringarferðir” því til dæmis er bókin **Spor í myrkri** ekki



þesslags bók. Þar ákveða krakkarnir að fara upp í sveit til þess að hrista saman hópinn (sem þekkist lítið til að byrja með) og skemmta sér. Náttúrulýsingar eru tíðari þar en oft áður. Ein af aðalpersónunum, Sóla, hefur mikinn áhuga á andlegum málefnum og þykir mjög gaman að hlaupa um nakin í náttúrunni og ganga um berfætt og upplifa náttúruna með öllum öðrum skynfærum en augunum. Eftir ferðina eru krakkarnir þó andlega endurnærðir, fullir sjálfstrausts og finnst þau hafa þroskast mikið eftir helgardvöl í sveitinni meðal annars í kringum draugagang og furðulegan einbúa á næsta bæ.

Fyrirmyndar unglingar Þorgríms birtast með ýmsu móti. Aðalkarlkynspersónan er nánast alltaf í fótbolta, eða einhverri annarri boltaíþrótt, stendur sig að jafnaði ágætlega í skólanum, drekkur ekki, reykir ekki, á marga góða vini og féлага. Þeir eru góðir og reyna að koma vel

fyrir, en eru umfram allt mannlegir. Jól í **Svölustu 7unni** og **Undir 4 augu** á við þessa lýsingu. Hann er mjög mannlegur og líkur strákum sem eru á þessum aldri. Hann verður skotinn í fjórum stelpum sem eru allar skotnar í honum líka og hann veit ekkert hvernig hann á að glíma við það. Þó að hormónarnir séu á fullu er hann samt að þæla í öðrum hlutum eins og systur sinni sem er með hvítblæði, fótbolta og daglegum hlutum.



Eins og við höfum sagt áður eru flestir strákarnir að æfa fótbolta, ekki eins og það geri þá alla eins heldur eru þeir oftast sætir, ljóshærðir, með blá augu og geta náð í sætustu stelpurnar ef þeir leggja sig eftir því (eins og maður ímyndar sér að Þórgímur hafi jafnvel verið sem unglingur). Stelpurnar sem þeir umgangast eru sætar, klárar og skemmtilegar. Ef krakkarnir fylgja ekki þessari formúlu virðast þeir oft

eitthvað skrýtnir. Í Bókinni **Mitt er þitt** eru góð dæmi um slíkar andstæður. Skapti er einn af strákapríeykinu þar og hann æfir ekki fótbolta eins og hinir tveir, heldur ballett. Það er ekki nóg heldur hefur hann mikinn áhuga á pöddum og hefur mjög gaman af uppfinningum, bæði hans eigin og föður hans. Skapti á pennavinkonu frá Egilsstöðum sem kemur í heimsókn í byrjun bókar. Stelpan þykir vera sæt á myndinni sem hann hefur fengið senda frá henni, en fljótt kemur í ljós að þessi mynd er ekki af henni, heldur bestu vinkonu hennar. Stúlkan sem kemur í heimsókn er ekki eins sæt og búist var við, það er ekki nóg til þess að gera hana furðulegri en hinar stelpurnar, heldur er henni nokkurn veginn lýst sem skessu, þar sem hún æfir júdó, er mjög sterk og vinnur einn af strákunum í slag. Þessi unga dama er skrifuð mjög fljótlega út úr bókinni og kemur söguþráðinum í rauninni ekkert við.



Í bókum Þórgríms eru ekki bara dæmi um svona andstæður heldur einnig dæmi og lýsingar á góður/vondur andstæðum. Í fyrri bókum hans eru unglingar sem eru óvinir aðalpersónanna vondir vandræðaunglingar en síðari bókum hans eru komnar inn þælingar um það að kannski eigi vandræðaunglingar við stór vandamál að glíma sem eru ekki ljós á yfirborðinu. Kannski er það þannig í fyrri bókunum en það skín samt ekki jafn vel í gegn.

Þórgímur hefur það sem fáir höfundar hafa og það er hæfileikinn til þess að skrifa bækur sem höfða til krakka af báðum kynjum. Það er líkast til þess vegna sem hann hefur þessa blönduðu vinnahópa, eða það er að segja þrjár strákar, þrjár stelpur þælinguna. Bækurnar hans fjalla

yfirleitt um strák, vini hans, ástir og rómantík. Með því að blanda ást og rómantík inn í bækurnar nær hann að höfða til ungu kvenþjóðarinnar. Ekki nóg með það heldur notar hann kvenpersónur bókanna til þess að miðla áfram einhverjum góðum boðskap og þannig skorar hann fleiri stig hjá stelpunum. Þorgrímur notar þessa aðferð þannig að hann lætur stelpurnar svara fyrir sig, þannig að þær virðist flottari og sterkari fyrir vikið. Þannig miðlar hann áfram góðum boðskap um hollt líferni og að láta ekki undan hópþrýstingi, maður ráði því í raun sjálfur hvað maður geri í sambandi við drykkju, tóbak og kynlíf. Honum tekst að byggja upp spennu sem höfðar til beggja kynja, karkynshetja sögunnar vinnur stóran sigur á vellinum og stelpa vinnur strákinn.

Við tókum viðtal við Þorgrím til þess að fá svör við spurningum okkar og jafnvel til þess að athuga hvort að niðurstöður okkar væru nokkuð réttar. Hann sagði okkur til dæmis það að fyrstu þrjár bækur hans hafi ekki verið ritskoðaðar og fannst honum að leiðinlegt að hafa ekki fengið neinar ábendingar um það sem hefði mátt betur fara. Mitt er þitt er ein af þessum bókum og þykir honum hún vera eitt sitt sísta verk. Þegar við spurðum hann hvaðan hann fengi hugmyndirnar að sögunum og persónum þeirra þá sagði hann að sögurnar sjálfar væri oftast sóttar í heiminn sem hann þekkti og sögur sem hann heyrir úr umhverfinu. Eitt dæmi sem Þorgrímur heyrði út undan sér er í Svalasta 7an. Þá snoðar Jóel, aðalsögupersónan, sig vegna þess að litla systir hans er að missa hárið vegna veikinda. Þessa sögu heyrði hann í heitapottinum í hverfissundlauginni og varð það kveikjan að þessum bókum. Persónurnar í bókum hans líkjast oft Þorgrími. Við spurðum hann hvort það væri meðvitað og hann sagðist einnig sækja persónulýsingarnar úr heiminum sem hann þekkir. Áður töluðum við um steriótýpur í bókum Þorgríms. Persónan Sóla er skyggn og skritin á allan hátt. Þorgrímur sagði að hann hafi ekki verið að reyna að gera hana eitthvað furðulega og skritna bara vegna andlegra hæfileika hennar heldur hafi hann einfaldlega þekkt stelpu sem var skyggn og hafi hagað sér líkt og Sóla. Einnig fannst Þorgrími boðskapur hans umfjöllun reykinga og annarra vímuefna koma ómeðvitað fram er hann skrifaði bækurnar. Eftir viðtalið fengum við betri sýn á bækurnar og persónuna Þorgrím Þráinsson.

Okkur fannst þessar bækur ekkert æðislegar, enda ekki skrifaðar fyrir okkar aldurshóp. En við munum samt eftir því að þegar við vorum yngri þá voru þessar bækur verið ofarlega á jólagjafalistanum og lesnar oft en einu sinni, þannig að það er eitthvað við þær sem heillar unglunga. Inni á heimasíðunni snilld.is er langur listi af unglungum sem skrifa ábendingar,

komment og aðdáendabréf til Þorgríms og hann svarar öllum unglingunum. Þessi listi segir okkur það að krakkar lesa þessar bækur og hafa gaman af, enda hafa þau líklegast ekki gagnrýnisglæraugun á nefinu. Unglingum líkar vel við bækurnar og hafa ánægju af því að lesa þær og til þess eru bækurnar gerðar.

R. Tanja Bjarnadóttir
Þóra Óskarsdóttir
Antoine Hrannar Fons

Bækur eftir Þorgrím Þráinsson:

Með fiðring í tánum	1989
Tár, bros og takkaskór	1990
Mitt er þitt	1991
Bak við bláu augun	1992
Lalli ljósastaur	1992
Spor í myrkri	1993
Kvöldsögur	1994
Amo Amas	1994
Sex augnablik	1995
Meistari Jón, predikari af Guðs náð	1996
Margt býr í myrkrinu	1997
Nóttin lifnar við	1998
Hjálp, Keikó, hjálp	1998
Hljæjandi refur	2000
Litla skrímslið	2003
Svalasta 7an	2003
Undir 4 augu	2004
Allt hold er hey	2004



Heimildir:

<http://andi.is>

<http://www.bokmenntir.is>

<http://www.snilld.is>

Silja Aðalsteinsdóttir. Tímarit Máls og menningar 3:1995 bls. 58-72

Einkaviðtal við Þorgrím Þráinsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.